

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skrifstofa umhverfis og orku
urn@urn.is

Reykjavík, 19. september 2025

Efni: Umsögn Samorku um áform um lagasetningu um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Mál í samráðsgátt nr. 160/2025

Samorka hefur tekið til umsagnar framangreind áform stjórnvalda sem miða að því að sameina og samræma opinbert eftirlit með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Lagt er til að Umhverfis- og orkustofnun og Matvælastofnun taki yfir meginhlutverk við útgáfu starfsleyfa og framkvæmd eftirlits, í stað heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga.

Samorka tekur undir þau meginmarkmið sem birtast í áformunum um að tryggja samræmi, einfalda starfsumhverfi og auka skilvirkni.

Samorka hefur um áráð lagt áherslu á það í allri nálgun sinni að stjórnsýsla, leyfisveitingar og eftirlit sé sem mest á einni hendi („One-stop-shop“) og að stofnanir hafi burði og getu til að sinna sínu starfi. Það er lykilatriði til að ná skilvirkni, tryggja gæði og jafnræði, nauðsynlegan aðgang að gögnum, yfirsýn og þekkingu og kemur í veg fyrir að á sama tíma sé verið að vinna á mörgum stöðum að leyfisveitingum fyrir sama verkefni á grundvelli sömu gagna.

Samorka fagnar framangreindum áformum og telur þau í samræmi við áherslur Samorku.

Í töflu 1 í skýrslu starfshópsins eru greindir þeir áhættuþættir sem felast í áformunum og taldar upp mögulegar mótvægisáðgerðir. Samorka leggur áherslu á að vandað verði til verka í því vandasama verkefni sem framundan er við svo umfangsmiklar kerfisbreytingar.

Þá er ljóst að í framhaldi verða til mjög öflugar og stórar stjórnsýslustofnanir sem fara með viðamiklari hlutverk gagnvart landinu öllu. Tryggja þarf skilvirkni innan slíks kerfis, forstjóri hafi nægilega yfirsýn og yfirmenn fullnægjandi boðvald þannig að innan stofnunar náist sú samræming, einföldun og skilvirkni sem að er stefnt.

Samorka leggur einnig áherslu á að markmið breytinganna á að vera að endanleg útfærsla feli í sér bæði tímasparnað og betri nýtingu mannafla, þó tímabundið felist í breytingunum umfangsmiklar áðgerðir, til að mynda við gerð sameiginlegra gagnagrunna og miðlægs tölvukerfis.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur